

Ein kirkja í fjórum farvegum

Hér verður fjallað um birtingarmyndir ólíkra stefna og strauma innan hinnar evangelísk-lúthersku þjóðkirkju á Íslandi á 20. öld, hvernig þær koma fram í kirkjusögunni og hvernig þær kvíslast og tengjast.¹ Í fljótu bragði mætti eflaust ætla að sú kirkja, sem í stjórnarskrá Íslands frá 1874 er nefnd evangelísk-lúthersk þjóðkirkja, byggist á einhverjum ákveðnum kirkjuskilningi með grundvallandi sýn á trúarlegt og félagslegt hlutverk hennar en þegar betur er að gáð kemur brátt í ljós að svo er í raun ekki. Vissulega byggist þjóðkirkjan á ákveðnum játningum, hefðum og lögum og hún kennir sig við þýzka siðbótarleiðtogann Marteín Lúther (1483–1546) þar sem hún sækir skipulagið, helgihaldið og guðfræðina á einn eða annan hátt til hans.² Það er meira að segja svo að kirkjuskipan danska ríkisins, sem Ísland var hluti af til 1918, byggist á þeim hugmyndum sem Lúther hafði um kirkjuna og sem presturinn Jóhannes Bugenhagen, sem var náinn samstarfsmaður hans, samdi að undirlagi Kristjáns III Danakonungs.³ Þennan ramma má sjá í játningum þjóðkirkjunnar, vígsluheitum biskupa, presta og djákna, lögum og reglum um kirkjuna og hirðisbréfum biskupa.

Engu að síður er jafn ljóst að meðlimir hinnar evangelísk-lúthersku þjóðkirkju hafa fundið sér ólíkar leiðir til að tjá trú sína innan hennar, skilgreina og réttlæta samfélagslegt hlutverk hennar og mynda söfnuði um hana. Greina má þar fjórar meginleiðir, farvegi eða strauma sem hver um sig einkennist af mismunandi kirkjuskilningi og kirkjusýn. Þessar meginleiðir má nefna *þjóðkirkjustefnu*, *lágkirkjustefnu*, *háskirkjustefnu* og *alkirkjustefnu*.⁴ Rekja má allar þessar stefnur á Íslandi til loka 19. aldar og fyrsta áratugar 20. aldar en þær mótast og festast í sessi á fyrri helmingi þeirrar aldar í tengslum við þær umfangsmiklu þjóðfélagsbreytingar sem þá áttu sér stað og lífa góðu lífi enn þann dag í dag. Þessar stefnur tengjast allar ákveðnum trúarleiðtogum á Íslandi, einkum biskupum, prestum og forystumönnum leikmannahreyfinga. Hægt er að skilgreina þessar stefnur og benda á dæmigerð einkenni þeirra og birtingarform enda þótt útfærslurnar innan þeirrar hverrar fyrir sig geti verið mismunandi og þær tekið breytingum eða skarast og einn og sami maðurinn jafnvel færst á milli þeirra. Það gerir greininguna ekki síður áhugaverða að margbreytileikinn geti verið slíkur. Draga má í efa að nokkur fái skilið kirkjusögu Íslands á 20. öld og þau átök sem einkennt hafa hana án þess að mið sé tekið af þessum stefnum og því sem aðgreinir þær enda fela þær í sér mismunandi kirkju- og embættisskilning og breytilega forgangsröð verkfna kirkjunnar og starfsfólks hennar. Í raun er hér um að ræða *kjörmyndir* (e. *ideal types*) eins og þýski félagsfræðingurinn Max Weber orðaði það í greiningu sinni á stofnunum og samfélögum. Þó svo að útgáfur kjörmynda séu sjaldnast hreinræktaðar geta þær eftir sem áður

¹ Ég hef unnið þessa grein töluvert í samstarfi við Bjarna Randver Sigurvinsson sem lesið hefur yfir hana og komið með fjölmargar gagnlegar ábendingar.

² Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar*, Reykjavík: Útgáfan Skálholt, 1991.

³ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótar sögu*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014.

⁴ Þetta hefur sennilega ekki áður verið sett fram með þessum hætti þótt vissulega hafi oft verið rætt áður um inntak hugtakanna þjóðkirkja, lágkirkja, hákirkja og alkirkja.

reynst nytsamlegar í greiningu á félagslegum og sögulegum veruleika og þróun hans.⁵ Þetta þýðir að greiningin er félagsfræðileg en ekki trúfræðileg en þegar hafa verið gerðar ítarlegar rannsóknir á þjóðkirkjuhugtakinu út frá trúfræðilegum forsendum af ýmsum íslenskum guðfræðingum. Gunnar Kristjánsson og Sigurjón Árni Eyjólfsson hafa báðir gengið út frá þjóðkirkjuguðfræði Lúthers og Friedrichs Schleiermachers (1768–1834) í greiningu sinni á tengslum ríkis og kirkju og gert henni ítarleg skil. Gunnar er gagnrýninn á ýmis einkenni lágkirkju og hákirkju og alveg sérstaklega það sem hann kallar kirkjuvaldsstefnu Sigurbjörns Einarssonar biskups⁶ en Sigurjón Árni hefur þess í stað fremur beint sjónum að þróun frjálslyndu guðfræðinnar á Íslandi í tengslum við þjóðernishyggju og mismunandi sýn íslenskra guðfræðinga á kenningar Lúthers.⁷ Hjalti Hugason prófessor hefur fjallað mikið um þróun íslensku kirkjunnar frá ríkiskirkju yfir í þjóðkirkju og lagt grunn að mótun trúarbragðaréttar íslensks fjölmenningsarsamfélags á 21. öld en hann hefur snúið sér í vaxandi mæli að menningarmálum og mannréttindum í fræðilegri greiningu sinni.⁸ Allir þessir guðfræðingar eiga rætur að rekja til lágkirkjukristindóms á æskuárum en hafa sem fræðimenn færst yfir í aðrar kirkjustefnur. Þó svo að enginn þeirra gangi út frá félagsfræðilegum kjörmyndum í greiningu sinni er engu að síður ljóst að þeir þekkja allir vel bæði lágkirkju- og hákirkjustefnur innan íslensku þjóðkirkjunnar en þeir hafa ekki aðgreint það sem hér er nefnd alkirkjustefna frá þjóðkirkjustefnu.

Í greiningunni á kirkjustefnunum fjórum sem félagsfræðilegum kjörmyndum verður sérstaklega hugað að hirðisbréfum biskupa íslensku þjóðkirkjunnar á 20. öld en þar sem þau varða öll eðli og hlutverk þeirrar kirkjustofnunar verða þau tekin fyrir undir þjóðkirkjustefnunni. Þegar gerð er grein fyrir öðrum stefnum er vísað til þessara biskupa þar sem við á.

Þjóðkirkjustefnan

Rekja má hugmyndafræði og guðfræði þjóðkirkjustefnunar til þýska guðfræðingsins og heimspekingsins Friedrichs Schleiermachers sem lagði áherslu á það að kirkjan starfaði fyrst og fremst fyrir fólkið í söfnuðinum og miðaði starfsemi sína við þarfir þess en kæmi ekki fram sem fulltrúi ríkisvaldsins, ríkisvalds sem hefur fyrst og fremst hag af því að tryggja einsleitni og formfestu í trúarefnum á trúfræðilegum forsendum til að tryggja og réttlæta vald sitt yfir þegnum.⁹ Hlutverk þjóðkirkju er því fyrst og fremst að veita landsmönnum þjónustu á grundvelli trúarlegrar menningarhefðar sinnar og trúarreynslu þeirra sjálfra sem einstaklinga en ekki að standa vörð um hagsmuni ríkisvaldsins eða upphefja eina þjóð fram yfir aðra. Schleiermacher hafði mikil áhrif á leiðandi guðfræðikennara við Kaupmannahafnarháskóla í upphafi 19. aldar og þar með á þá íslensku guðfræðistudenta sem stunduðu þar nám og völdust í æðstu stöður í íslensku kirkjunni. Þjóðkirkja í þessum anda þreifst

⁵ Max Weber, *Economy and Society: An Outline of Interpretive Sociology*, ritstj. Guenther Roth og Claus Wittich, Berkeley: University of California Press, 1978; Sigurður Línal: „Inngangur“, *Mennt og máttur* [bókarhöfundur: Max Weber], Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011, bls. 9–68.

⁶ Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014; Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan í keng: Hugleiðingar um þróun íslensku þjóðkirkjunnar á tuttugustu öld“, *Andvari* 125/2000, bls. 69–80; *Þjóðkirkjan og lýðræðið: Erindi frá málþingi í Skálholtskirkju 23.–24. ágúst 2009*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Skúli S. Ólafsson, Keflavík: Kjalarness prófastsdæmi, 2009.

⁷ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Ríki og kirkja: Uppruni og þróun þjóðkirkjubugtaksins*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006.

⁸ Hjalti Hugason, „Kirkjuskipan fyrir 21. öld. Þriðja grein: Núverandi stefna og tillaga að endurskoðun“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 40/2015, bls. 13–30.

⁹ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Ríki og kirkja*.

lengst af vel innan ríkiskirkjufyrirkomulagsins, ekki síst á Íslandi þar sem prestar voru andlegir leiðtogar fólksins, sáu um alþýðufræðslu, sinntu framfaramálum í söfnuðum sínum, tóku oft frumkvæði og völdust til forystu t.d. á Alþingi.

Fyrstu kennararnir við Prestaskólann í Reykjavík, þeir Pétur Pétursson (1808–1891) sem var forstöðumaður skólans og síðar biskup og Sigurður Melsted (1819–1895) sem varð annar forstöðumaður skólans, voru báðir undir verulegum áhrifum frá Schleiermacher enda höfðu kennarar þeirra við Kaupmannahafnarháskóla einnig verið það. Sú guðfræði sem tók mið af rómantikinni og heimspeki Hegels og hófst til vegs og virðingar við guðfræðideild Kaupmannahafnarháskóla um miðja 19. öld var í raun í anda Schleiermachers og nánari útfærsla á henni þótt vissulega mætti greina þar áherslumun varðandi ríkisvaldið og þátt konungs í kirkjustjórninni. Hér er um að ræða J.P. Mynster Sjálandsbiskup og H.L. Martensen prófessor í guðfræði og síðar Sjálandsbiskup. Hugvekjur Mynsters voru þýddar af Fjölnismönnum Jónasi Hallgrímssyni skáldi og Konráði Gíslasyni prófessor og nutu þær mikilla vinsælda á Íslandi. Kennslubækur Martensens í trúfræði og siðfræði voru notaðar í Prestaskólanum út alla öldina og eiginlegt uppgjör við kirkju- og guðfræðistefnu þeirra, sem kölluð var þriðja stefnan í danski guðfræði, átti sér ekki stað á Íslandi fyrr en um aldamótin 1900.¹⁰ Hinar tvær stefnurnar voru grundtvigsstefnan og danska heima-trúboðið (Dansk indre mission) en þær áttu ekki upp á pallborðið hjá Íslendingum.

Um aldamótin 1900 varð alger viðsnúningur í guðfræði og kirkjumálum á Íslandi sem rekja má til sjálfstæðisbaráttunnar og róttækra þjóðfélagsbreytinga með ört vaxandi þéttbýlisstöðum, aukinni menntun, framförum og nýjum atvinnutækifærum.¹¹ Ný guðfræðistefna barst til Íslands frá þýskum háskólum og að nokkru leyti einnig frá Englandi og voru Prestaskólakennararnir Jón Helgason (1866–1942) og Haraldur Níelsson biblíuþýðandi (1868–1928) í fararbroddi hinnar nýju stefnu ásamt Þórhalli Bjarnarsyni (1855–1916) sem varð biskup Íslands árið 1909. Þegar Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 varð Prestaskólinn að guðfræðideild innan hans og bættist þá við þriðji kennarinn, Sigurður P. Sivertsen, en hann var kandídat í guðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla eins og hinir tveir. Allir þrír voru hallir undir frjálslyndu guðfræðina eða nýju guðfræðina¹² eins og hún var stundum kölluð og þá kennd við bókina *New Theology* eftir enska prestinn J.R. Campbell (1867–1956).¹³ Íslensku guðfræðikennararnir héldu mikið upp á þá bók og var hún um tíma notuð sem kennslubók við deildina.¹⁴

Íslenska kirkjan undi sér vel í dönsku ríkiskirkjunni og var í raun fram til 1874 eins konar landskirkja innan danska ríkisins og biskup Íslands var embættismaður konungs. Það er ekki fyrr en á níunda áratug 19. aldar að það fara að koma hnökrar á þetta samband. Það má rekja, eins og svo margt annað á þessum árum og áratugum, til sjálfstæðisbaráttunnar.¹⁵ Sú fríkirkjuhreyfing sem varð til á Íslandi í upphafi níunda áratugar 19. aldar og eflist jafnt og þétt fram á annan áratug 20. aldar var í raun sjálfstæðishreyfing og barátta á kirkjulegum vettvangi við yfirstjórn landsins og þá um leið yfirstjórn kirkjunnar á Íslandi sem var danska ríkisstjórnin. Sjálfstæðir lútherskir söfnuðir mynduðust og tók gagnrýni á stjórnarfarið og yfirráð Dana stundum á sig trúarlegt yfirbragð. Má þar sérstaklega nefna fylgismenn

¹⁰ Pétur Pétursson, *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland 1830–1930*, Helsingborg: Plus Ultra, 1983.

¹¹ Sama rit.

¹² Benjamín Kristjánsson, *Menntun presta á Íslandi*, Reykjavík: Kirkjuritið, 1947 [sérprent].

¹³ R.J. Campbell, *The New Theology*, New York: The Macmillan Company, 1907.

¹⁴ Benjamín Kristjánsson, *Menntun presta á Íslandi*.

¹⁵ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*.

raunsæisstefnu Georgs Brandesar (1842–1927) sem var andkristin og andkirkjuleg. Gagnrýni margra brandesarasinna á kirkjuna fór saman við gagnrýni þeirra á dönsku stjórnina.

Gagnrýni á ríkjandi fyrirkomulag í kirkju og stjórnámálum kom einnig úr annarri átt á þessum árum, en það var frjálslynda guðfræðin sem beitti fyrir sig bókmenntalegri og sögulegri rýni á Biblíuna og játningar kirkjunnar. Þar fór fremstur í flokki presturinn og þjóðskáldið Matthías Jochumsson (1835–1920). Hann hafði komist í kynni við kvekara og únítara sem gengu út frá allt öðrum forsendum í kirkju- og trúmálum en lútherska þjóðkirkjan sem á þeim tíma var ekki síður ríkiskirkja en þjóðkirkja.¹⁶ Báðar þessar stefnur gagnrýndu mjög kirkjustofnanir, embætti, trúfræðikenningar og ríkjandi áherslu í trúfræðslu og það gekk svo langt að Matthías hafnaði kenningunni um eilífa útskúfun vantrúaðra¹⁷ sem kennd var í fermingarfræðslu þar sem hver Helga Hálfánarsonar, forstöðumanns Prestaskólans, var notað.¹⁸ Matthías fékk áminningu og varð að biðjast afsökunar þó svo að það kæmi í ljós að hann sæti fast við sinn keip og styddi frjálslyndi í trúmálum og kirkjumálum af öllum mætti.¹⁹

Þórhallur Bjarnarson, forstöðumaður Prestaskólans og biskup 1909–1916, var frjálslyndur í guðfræðilegum efnum og vildi efla sjálfstæði íslensku kirkjunnar gagnvart dönskum yfirvöldum. Hann neitaði t.d. að fara til Kaupmannahafnar og taka þar vígslu af Sjálandsbiskupi, yfirbiskupi dönsku ríkiskirkjunnar, og beitti sér fyrir endurreisn kirkjunnar á Íslandi á þjóðlegum og sögulegum grundvelli, t.d. með því að endurvekja hin fornu biskupsembætti kennd við Hóla og Skálholt. Hann taldi játningaritinn úrelt fyrirbæri í nútímaþjóðfélagi og vildi að kirkjan tæki höndum saman við félagslegar og þjóðlegar alþýðuhreyfingar í því skyni að efla félagslíf og framfarir í sveitunum.²⁰ Þjóðkirkjufyrirmyndin sem hann setti á oddinn fékk einkunnarorðin: frjálslynd, þjóðleg og umburðarlynd. Slík kirkja átti sér vísan stuðning í Framsóknarflokknum sem stofnaður var árið 1916 og í ungmennafélagshreyfingunni en Þórhallur og skyldmenn hans voru nátengd þessum hreyfingum og valdist þar til forystu.²¹

Guðfræðikennararnir við Háskóla Íslands byggðu kennslu sína á grundvelli biblíurannsóknna sem stundaðar höfðu verið við þýska háskóla frá miðri 19. öld. Þeir mótuðu að sjálf-sögðu næstu kynslóðir presta og segja má að frjálslynda guðfræðin hafi verið ríkjandi stefna í íslensku þjóðkirkjunni allan fyrri hluta 20. aldar. Játningar kirkjunnar og helgisiðir fengu að víkja fyrir áherslu á þjóðlegar hefðir og þjónustu við fólkið í landinu. Það að vera í þjóðkirkjunni var nánast það sama og vera Íslendingur. Þröskuldurinn inn í þessa kirkju var ekki hár og yfirleitt ríkti þar umburðarlyndi gagnvart ólíkum stefnum, svo sem spíritisma og guðspeki.²²

Þjóðkirkjustefnan byggist á gömlum hefðum þar sem megináherslan er á samleið kristindóms og kirkju með þjóð og menningu í rúm þúsund ár eða allt frá því þegar kristnir menn úr röðum Íra og norrænna manna numu hér fyrst land. Presturinn á að vera fulltrúi fólksins (eða þjóðflokksins) og um leið leiðtogi þess, vera virkur samfélagsþegn, taka þátt í lífi fólksins og vera burðarás í málefnum sveitarinnar (prestakallsins) eins og áður fyrr. Kirkjuleg

¹⁶ Pétur Pétursson, „Kreddulaus temperamentsmaður: Meistari Eiríkur Magnússon í Cambridge og upphaf frjálslyndrar guðfræði á Íslandi“, *Andvari* 138/2013, bls. 83–104.

¹⁷ Matthías Jochumsson, „Yfirlýsing“, *Kirkjublaðið* 1. nóvember 1891, bls. 80.

¹⁸ Helgi Hálfánarson, *Helgakver*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000.

¹⁹ Þórunn Valdimarsdóttir, *Upp á Sigurbæðir: Saga Matthíasar Jochumssonar*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2006.

²⁰ Pétur Pétursson, „Þjóðin og þjóðkirkjan“, *Þjóðkirkjan og hjóðræðið: Erindi frá málþingi í Skálholtskirkju 23.–24. ágúst 2009*, ritstj. Gunnar Kristjánsson og Skúli S. Ólafsson, Keflavík: Kjalarness prófastsdæmi, 2009, bls. 27–39, sérstaklega 35.

²¹ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 199–423.

²² Sama rit.

þjónusta á að ná til allrar þjóðarinnar óháð trúarafstöðu enda þröskuldurinn inn í þjóðkirkjuna lágur og grunnildin samheldni og velferð. Þessa stefnu skilgreindi Þórhallur Bjarnarson biskup vel á prestastefnunni á Þingvöllum árið 1909 en þar studdist hann við þá frjálslyndu guðfræði sem allir kennarar Prestaskólans aðhylltust og prófessorar Guðfræðideildar Háskóla Íslands gerðu sömuleiðis þegar háskólinn var stofnaður tveimur árum síðar.

Í árslok 1909 birtir Þórhallur enn fremur grein í *Nýju kirkjublaði*, tímariti sem hann sjálfur gaf út og ritstýrði, þar sem hann tengir endurreisn hinna fornu biskupsstóla sem kirkjuleg menningarsetur við endurreisn kirkjunnar á nýrri öld. Þar skrifar hann:

Fyrir þá sem vona það og vinna að því að hin íslenska kirkja haldist saman sem félagsheild, og það eins þó ytri hagur hennar kynni að breytast, og treysta því að þjóðræknistrygðin við fornu stólana verði þá eitt traustasta einingarbandið – fyrir þá eru vígslubiskupar Skálholts og Hóla annað og meira en hégómi. En brestir vilja og dáð til að endurreisa stólana, verður þetta hégómatildur, sem menn gefast upp við.²³

Hirðisbréf sitt birtir Þórhallur í tímariti sínu snemma á því sama ári og kallar það *Nýársávarp biskups til presta*. Hann leggur áherslu á umburðarlyndi í þjóðkirkjunni og skrifar:

Skóðanir manna á kirkju- og trúar-málum hljóta jafnan að vera töluvert mismunandi, þar sem andlegt frelsi er og einhver lífshreyfing. Og reynum þá um fram alt að skilja hverir aðra, áður en vér dæmum hverir aðra.²⁴

Þórhallur segir að hlutverk kirkjunnar sé að „stuðla að því eftir megni að kærleiksboðskapur kristindómsins fái að njóta sín í daglegu lífi meðal manna“.²⁵ Hann fjallar um nútímalega þjóðfélagsþróun með nýjar og sérhæfðar stofnanir sem að hluta til taka ákveðin verkefni að sér sem áður heyrðu undir kirkjuna og fagnar sérhæfingu t.d. í fræðslumálum. Hann viðurkennir að margt megi betur fara í stjórn, skipulagi og starfsemi kirkjunnar og segir henni í ýmsu ábótavant og að hún standi að því leyti höllum fæti í samfélaginu. En hann blæs engu að síður til sóknar á forsendum menningarlegs og félagslegs hlutverks þjóðkirkjunnar og skrifar:

Um fullar 8 aldir hafa prestarnir íslensku borið á herðum sér menning þjóðarinnar og andlegt líf. [...] Nú erum vér merkisberar þessa félagsskapar. Og megum vér láta hann spillast svo sem nú eru horfur á? Vor er sökin mest og stærst, verði hann eigi áfram lífæð þjóðarinnar. Og vér erum jafnframt arftakar hinnar fornhelgu íslensku kristni, arftakar merkisbera hennar og sögustaða. Og íhugunarefni er það, hvort þjóð vor og kristni þessa lands hefir ekki unnið sér stórtjón með ræktarleysi sínu við sögu vora og landsvenju.²⁶

Þessi sjónarmið Þórhalls mótuðu afstöðu helstu forystumanna þjóðkirkjunnar og þeirra stjórnámálanna sem settu mark sitt á hana næstu áratugi. Þar vega þyngst biskupar þjóðkirkjunnar, guðfræðiprófessorar Háskóla Íslands, forsætisráðherrann Tryggvi Þórhallsson (1889–1935), ritstjóri *Timans* og formaður Framsóknarflokksins, en hann var sonur Þórhalls Bjarnarsonar biskups, og guðfræðingurinn Ásgeir Ásgeirsson (1894–1972) sem var tengdasonur Þórhalls, kennari við Kennaraskólann, fræðslumálastjóri og forseti Íslands 1953–1968. Tryggvi beitti sér sem stjórnámalaður og ritstjóri mjög gegn málflutningi þeirra sem vildu aðskilnað ríkis og kirkju og hélt því fram að slíkt gæti hæglega leitt til sundrunar og flokkadrátta. Þess í stað beitti hann sér fyrir því að kirkjan gegndi fyrst og fremst hlutverki þjóðkirkju gagnvart almenningi þar sem hún veitti honum þjónustu sína á grundvelli trúarlegrar menningarhefðar sinnar sem næði allt aftur til fyrstu landsnámsmanna og hefði fest sig í sessi með kristnitökunni árið 1000. Með þeim hætti gæti þjóðkirkjan best nýst samfélaginu sem frjálslynt sameiningarafl.²⁷

²³ Þórhallur Bjarnarson, „Vígslubiskupar“, *Nýtt kirkjublað* 1. desember 1909, bls. 275–276.

²⁴ Þórhallur Bjarnarson, „Nýársávarp biskups til presta“, *Nýtt kirkjublað* 15. janúar 1909, bls. 17–20.

²⁵ Sama rit, s.st.

²⁶ Sama rit, s.st.

²⁷ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“.

Jón Helgason var forstöðumaður Prestaskólans á eftir Þórhalli Bjarnarsyni og prófessor þegar Prestaskólinn gekk inn í Háskóla Íslands en helsta kennslugrein Jóns var kirkjusaga. Hann var afkastamikill fræðimaður í þeirri grein og skrifaði fjölda greina og bóka um íslenska kirkjusögu. Eftir að Þórhallur lést tók hann við biskupsembætti. Í hirðisbréfi hans, sem kom út árið 1917, kemur í ljós að hann stóð fast við fyrri skoðanir sínar í guðfræðilegum efnum sem var frjálslýnda guðfræðin. Hann fagnar þó framgangi og áhrifum leikmannahreyfinganna KFUM og KFUK en viðurkennir að hann sé fráhverfur dultrúarhreyfingum eins og spíritisma og guðspeki. Hann nær þó að sigla milli skers og báru í þeim efnum en nokkrum árum síðar skarst að lokum í odda milli hans og félaga hans sr. Haralds Níelssonar sem gerst hafði helsti brautryðjandi spíritisma meðal landsmanna. Í þeim átökum kom berlega í ljós að Jón hafði hina megnustu andúð á spíritisma og aftók að þar væri um kristilega stefnu að ræða sem kirkjan ætti eitthvað að hafa með að gera.²⁸ Haraldur og nokkrir prestar af yngri kynslóð frjálslýndra guðfræðinga ásökuðu Jón um að vera orðinn íhaldssamur guðfræðingur og hallur undir Dani og dönsku kirkjuna. Hið sanna í máli þessu er að árið 1918 þegar Ísland varð sjálfstætt ríki í konungssambandi við Danmörk fannst Jóni sjálfsagt að ganga til liðs við dönsku kirkjuna í samkirkjulegum verkefnum bæði á norrænum og evrópskum vettvangi. Í hirðisbréfi sínu fjallar Jón lítið um samband ríkis og kirkju annars vegar og þjóðar og kirkju hins vegar. Hann beinir þess í stað sjónum að starfsemi og ytri aðbúnaði kirkjunnar og segir:

Þrent er það einkum, sem mér finnst öðru fremur þurfa að vinna að [...] að kirkjur vorar verði vistlegri en þær hafa verið og eru yfirleitt, að guðsþjónustur vorar verði hátíðlegri og um leið uppbyggilegri fyrir söfnuðinn, og síðast en ekki síst, að prédikun orðsins fullnægi sem best trúarþörf einstaklinganna.²⁹

Síðan fjallar Jón um hvert þessara atriða fyrir sig. Þá kemur í ljós að það er predikunin sem á huga hans allan. Hann bendir á að predikunin þurfi að fullnægja sem best trúarþörf safnaðarins og segir:

Prédikunarstarfið er aðalstarf prestsins og það sem mest er undir komið að vel sé af hendi leyst, þar sem það er með predikuninni sérstaklega, sem prestinum er ætlað að flytja söfnuðinum fagnaðarmál guðsríkis og svara þrá hjartnanna eftir guði og samfélaginu við hann. En það er þá líka svo vandamt starf, að mér liggur við að hneigjast að þeirri skoðun, að hin lúterska kirkja hafi farið þar enda fulllangt, er hún gerði predikun orðsins að þeim meginlið guðsþjónustunnar, sem hún hefur verið hjá oss lúterskum mönnum, síðan síðaskipti. [...] Innihald hinnar kristilegu predikunar er og verður ávalt hið sama, svo framarlega sem predikun vor á að gera talist kristileg, sem sé fagnaðarerindi guðs. En svo má aftur spyrja: Hvað er fagnaðarerindi guðs? Fagnaðarerindi guðs er ekki sama sem rétttrúnaður, það sem á liðnum tímum var kallað „hrein kenning“. Hver sem eitthvað þekkir til rétttrúnaðar-predikana liðinna tíma, veit, að þær höfðu einatt lítið af fagnaðarerindi að geyma. Fagnaðarerindi er ekki heldur sama sem siðkenning. Vitaskuld er siðkenning samvaxin fagnaðarerindinu; það er jafnáræiðanlegt og víst eins og það, að fjallræðan á heima í nýja testamentinu, og vildi enginn vera án hennar þar. En siðkenning án trúar verður aldrei fagnaðarerindi. Fagnaðarerindi er ekki heldur sama sem alþýðleg biblíu-útlekking. Predikun vor getur verið textaútlekking á miklum lærdómi byggð, og hún getur verið svo alþýðileg, sem frekast verður á kosið, án þess að hún hafi minstu vitund af fagnaðarerindi inni að halda. Fagnaðarerindið er guðs orð til vor manna, eins og Jesús Kristur hefur flutt oss það, eða í enn einfaldara máli: Fagnaðarerindi guðs er Jesús Kristur sjálfur.³⁰

Sigurgeir Sigurðsson (1890–1953), sem var biskup Íslands 1939–1953, gekk út frá sama kirkjuskilningi og Þórhallur Bjarnarson biskup hafði gert og Tryggvi Þórhallsson var talsmaður fyrir. Skýrt kemur fram í *Hirðisbréfi* Sigurgeirs hversu mikilvægt það sé að þjóðkirkjumenn séu virkir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins í þágu lands og þjóðar en hann

²⁸ Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum: Ævisaga Haralds Níelssonar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011.

²⁹ Jón Helgason, *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*, Reykjavík: Prentsmiðjan Rún, 1917, bls. 11.

³⁰ Sama rit, bls. 15–16.

tekur samt fram að honum hugnist ekki að prestar gerist of virkir í pólitískri flokksbaráttu vegna þeirrar sundrungar sem því geti fylgt:

Hér er auðvitað ekki unnt að tala um og telja upp öll þau mál, sem kirkjan á að láta sig skipta. Í raun og veru á hún ekki að láta sér neitt óviðkomandi, sem horfir til þjóðfélagslegra heilla. – Á sviði líknarmálanna ætti hún jafnan að vera áhrifaríkur þátttakandi. Þó að það sé í fæstum tilfellum ákjósanlegt, að presturinn taki virkan þátt í flokksbaráttunni á stjórn málasviðinu, þá er hitt mikilvægt, að kirkjan standi fast með þeim málum, sem sýnilega miða að því að auka andlega eða efnalega vellíðan þeirra sem þetta land byggja. Hví skyldi hún ekki mega beita áhrifum sínum, sæi hún öruggar leiðir til þess að auka atvinnu hér á landi, en draga úr böli atvinnuleysisins? Hví skyldi hún ekki mega styðja á einhvern hátt að ytri framfaramálum byggðanna? Og mannúðar- og líknarmálin á hún æfinlega að hafa á stefnuskrá sinni, svo sem baráttuna gegn áfengisbölinu, slysavarnir og heilbrigðismálin að því leyti, sem hún getur komið því við að styðja að aukinni heilbrigði landsmanna og bættum heilbrigðisþáttum. Og sérstaklega á kirkjan að muna það, að hún á að rétta þeim, sem minnimáttar eru, hjálpanði og verndandi hönd. Ætti hún þar að vera minnug orða Krists um hina minnstu bræður.³¹

Árið 1945 stofnaði Sigurgeir félag frjálslyndra guðfræðinga ásamt nokkrum prestum, guðfræðinemum og kennurum við Guðfræðideildina að meðtöldum Ásmundi Guðmundssyni prófessor, sem átti eftir að verða eftirmaður hans á biskupsstóli, en það var nefnt *Bræðralag, kristilegt félag stúdenta*. Í lögum þess er m.a. þetta tekið fram:

Tilgangur félagsins er sá, að efla bræðralag í anda Krists.

Félagar geta allir stúdentar orðið er vilja vinna að tilgangi félagsins.³²

Í félaginu voru m.a. Björn Magnússon, prófessor í guðfræði, Friðrik J. Rafnar vígslubiskup og dómkirkjuprestarnir Friðrik Hallgrímsson, Jón Auðuns og Óskar J. Þorláksson, sr. Jakob Jónsson prestur í Hallgrímskirkju og sonur hans Jökull. Þar voru einnig Pétur Sigurgeirsson, sonur Sigurgeirs biskups og síðar biskup, og Ólafur Skúlason, síðar biskup.

Æskuvinnur Tryggva Þórhallssonar var Ásmundur Guðmundsson (1888–1969) og uxu þeir upp undir handarjaðri föður Tryggva sem bjó þá undir nám við Lærða skólann og fylgdist með guðfræðinámi þeirra og þroska. Ásmundur var áhugasamur um akademíska guðfræði og færði með skilmerkilegum hætti sjónarmið fóstura síns um þjóðkirkjuna í guðfræðilegan búning frelsisbaráttunnar. Hann varð fastur kennari við Guðfræðideild Háskóla Íslands árið 1919 og setti mark sitt á þá frjálslyndu guðfræði og þjóðlegu kirkjustefnu sem einkenndi stóran hluta guðfræðinga og presta næstu áratugi. Árið 1953 tók hann við biskupsembætti og gegndi því í sex ár. Sem biskup tengir Ásmundur í *Hirðisbréfi* sínu þjóðina saman við þjóðkirkju:

Djúpan sálarfrið skortir [...] og þá er vá fyrir dyrum, bæði siðgæði og trú [...] Því að þrjóti trú og siðgæði, þá er andlegt líf vort á glötunarvegi: Sjálfstæði, frelsi, þjóðerni, tunga. En leiti þjóðin fyrst ríkis Guðs og réttlætis, þá mun allt þetta veitast henni að auki. Sama heilaga hugsjónin á að blasa við oss öllum, hugsjón Guðs, en hann lét fjöll vor rísa af hafi, og benda í himininn: Ísland – Guðs ríki. Íslenska þjóðin – Guðs þjóð. Að því marki ber kirkju vorri að vinna öld af öld og leggja fram allt, er hún megnar, í trausti til Guðs, er sigurinn gefur.³³

Sigurbjörn Einarsson (1911–2008), sem kjörinn var biskup eftir Ásmund, hafði á tímabili á yngri árum tekið þátt í starfi KFUM og átti löngum stuðningsmenn í þeirra röðum vegna tryggðar sinnar við trúarjátningarnar og sama er að segja um kristniboðsfélögin. Sigurbjörn var trúvarnarmaður og það kom fram í kirkjuskilningi hans. Hann vildi draga skýrar línur og leit á hina sanntrúuðu sem kjarnann í kirkjunni og vörn gegn ásókn óvildarafla og þeirra sem stóð á sama um kristin gildi. Þetta kemur m.a. glögglega fram í þessum orðum hans:

³¹ Sigurgeir Sigurðsson, *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*, Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1940, bls. 36–37.

³² Fundargerðabók Bræðralags, kristilegs félags stúdenta. Í forum höfundar.

³³ Ásmundur Guðmundsson, *Hirðisbréf*, Reykjavík: Þjóðkirkjan, 1954, bls. 12–13.

Kirkjan er almenn. Það þýðir, að hún er öllum ætluð, að enginn ætti að fara á mis við blessun þess lífs, sem hún fæðir og nærir. Kirkjan gerir sér engan mannámun, hana varðar allt, sem mannlegt er, hún þekkir engan þann fjölda eða múg sem hún þurfi ekki að láta sig skipta. En styrkur hennar hefur aldrei byggst á eindregnu fylgi fjöldans, heldur alltaf á trúnaði og heilindum hinna fáu. Og það skiptir mestu fyrir kristni Íslands í dag, að kirkjan eignist öruggan kjarna vakandi og lifandi safnaðarfólks. Hér sérð þú köllun þína ef þér er það nokkurt alvörumál, að vaxandi afkristnun sé ógæfa fyrir þjóðina. Þeirri hættu eiga þau, sem vilja, að kristni haldist í landinu, að svara með því að verða betur kristin. Það er eina svarið sem áhrif getur haft. Svarið, sem Drottinn biður um.³⁴

Sigurbjörn byggði að sama skapi predikun sína og guðfræði á sögulegum hefðum og gildum og má þar nefna áherslu hans á *Passíusálmana*, minningu Hallgríms Péturssonar og baráttu hans fyrir endurreisn Skálholts sem kirkjulegrar miðstöðvar. Sigurbjörn kynntist einnig litúrgísku hreyfingunni á Norðurlöndunum og sú hreyfing dafnaði undir verndarvæng hans í biskupstíð hans. Þegar Sigurbjörn var kosinn biskup naut hann stuðnings bæði úr hinu frjálslynda Bræðralagi: kristilegu félagi stúdenta og hinu íhaldssama Félagi játningatúrra presta. Hann kom með nýjar áherslur inn í guðfræðina og kirkjustjórnina og rauf múrana milli eldri fylkinga í guðfræði og kirkjumálum.³⁵ Engu að síður byggði Sigurbjörn kirkju-guðfræði sína og kirkjustjórn á þeim grundvelli sem áður hafði verið lagður af forverum hans. Í hirðisbréfi sínu *Ljós yfir landi* orðar hann þetta á þessa leið:

Þegar lítið er til íslensku kirkjunnar í dag eru blæbrigði í skoðunum og innan um er um verulegan ágreining að ræða. En ég hygg að ég sjái það rétt að þau flokkaskil sem nokkuð kveður að séu fremur arfur en nýjar krossgötur sem fersk hugsun hafi leitt menn á. Eg hygg að tímamót séu runnin í þessu efni og að heilbrigð þróun kirkjumála í landinu séu meðal annars undir því komin að yngri prestar og hugsandi kirkjumenn átti sig á því til hlítar. Aldamótin síðustu hafa ekki skipt farvegum til frambúðar. Þar með er ekki sagt að elfur kirkjunnar falli í eina rás og í stöðugri lygnu, því fer fjarri að ég vænti þess. En næstu aldamót eru komin nær en þau síðustu.³⁶

Pétur Sigurgeirsson (1919–2010), sem var sonur Sigurgeirs Sigurðssonar biskups og sjálfur biskup 1981–1989, leggur sömuleiðis áherslu á það í hirðisbréfi sínu *Kirkjan öllum opin* að þjóðkirkjan sé fyrir alla.

Til er sjónarmið, að menn þurfi að uppfylla einhver skilyrði góðleika og mannorðs til þess að koma í kirkju með öðrum er þar leita náðar og kærleika Guðs. En sú skoðun byggir á röngum forsendum [...] Eitt sinn spurði ég góðan og mætan vin minn af hverju hann kæmi ekki í kirkju. Þá svaraði hann: „Það er nú þetta: „ég er ekki nógu góður!““ Þessi sama afstaða kom fram í orðum sem faðir tjáði mér að dóttir sín hefði svarað þegar hann spurði hana hvers vegna hún ætlaði ekki að fermast. „Það eru bara góð börn sem fermast.“ Eftir að hún hafði íhugað málið áttaði hún sig og fermdist.³⁷

Ólafur Skúlason (1929–2008), sem var biskup 1989–1997, birtir hirðisbréf sitt *Við tímamót* 1997 í aðdraganda þúsund ára afmælis íslenskrar kristni og er hún honum að vonum hugstæð. Hann fjallar um hvaða skyldur varðveisla kristins boðskapar leggur kirkjunni á hendur og mikilvægi framlags hennar til mótunar og viðhalds íslensks samfélags og menningar. Á svipaðan hátt og Jón Helgason setur hann Krist sjálfan fram sem þá fyrirmynd og það markmið sem kirkjunni beri að lifa eftir og stefna að.³⁸

Karl Sigurbjörnsson tók við biskupsstafnum á tímamótum í sögu þjóðkirkjunnar. Fyrirrennari hans, Ólafur Skúlason, hafði neyðst til að segja af sér vegna ásakana um ósiðlega framkomu í garð nokkurra kvenna. Þjóðkirkjan hafði fengið nýjan grundvöll til að byggja starf sitt á með lögum um stjórn, stöðu og starfshætti hennar sem samþykkt höfðu verið

³⁴ Sigurbjörn Einarsson, *Sókn og vörn: Kristín viðhorf kynnt og skjýrð*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2002, bls. 352–353.

³⁵ Sigurður A. Magnússon, *Sigurbjörn biskup: Ævi og starf*, Akureyri: Tindur, 2008.

³⁶ Sigurbjörn Einarsson, *Ljós yfir land: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1960, bls. 117.

³⁷ Pétur Sigurgeirsson, *Kirkjan öllum opin: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, Reykjavík: Biskupsembættið, 1986.

³⁸ Ólafur Skúlason, *Við tímamót: Hirðisbréf Ólafs Skúlasonar*, Reykjavík: Skálholt, 1997.

sama ár og hann tók við embætti. Í hirðisbréfi hans, sem kom út 2001 og ber heitið *Í birtu náðarinnar*, er tæpt á mörgu því sem fyrirrennarar hans höfðu fjallað um í hirðisbréfum sínum. Hann fjallar um innra og ytra starf kirkjunnar, lagaumhverfi hennar, aðstæður í samfélaginu og framtíðarstefnu. Í sama anda og Pétur Sigurgeirsson leggur hann áherslu á almennan prestsdóm og starf leikmanna innan kirkjunnar. Karl fjallar jafnframt um áhrif byggðarröskunar og líklega upplausn samfélagsins í myndun borgrikisins. Hann segir:

Byggðaröskunin merkir nefnilega jafnframt upplausn samfélags, missi ómetanlegra lífsgæða, stöðkerfi nærsamfélagsins riðlast og brestur og samhengi lands og sögu, þjóðmenningar og minninga rofnar. Kirkjan hefur mikilvægum skyldum að gegna við landsbyggðina og prestar gegna þar ómetanlegu hlutverki. Þjóðkirkjunni ber að standa með fólkinu hvar sem vegið er að lífsgrundvelli þess. En hún verður líka að horfast í augu við það hvernig hún getur nýtt starfskrafta sína sem best og styrkt þjónustu sína og leiðrétt áberandi misvægi í mannhaldi sínu.³⁹

Sá skilningur að forsenda þjóðkirkju sé að hún sé öllum opin og að henni beri að þjónusta alla á grundvelli trúarhefðar sinnar kemur í beinu framhaldi af þeim kirkjuskilningi sem Þórhallur Bjarnarson og síðar Sigurgeir Sigurðsson settu á oddinn og því þjónustuhlutverki sem Jón Helgason greindi í Jesú Kristi. Athygli vekur að hjá Ásmundi Guðmundssyni vísar þjóðkirkjuhugtakið samt ekki aðeins til þjónustuhlutverks kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu heldur nær það einnig yfir þjóðina sjálfa sem hafi verið útvalin á þjóðernislegum forsendum á grundvelli trúar sinnar og siðgæðis. Þjóðernið er ásamt sjálfstæðinu, frelsinu og tungunni komið undir því að trú og siðgæði haldist en þar er Ísland sjálft Guðs ríki og þjóðin hin útvalda þjóð Guðs. Þetta sýnir að þjóðkirkjustefnan er ekki einsleit heldur getur hún tekið á sig mismunandi myndir, allt frá kirkjustofnun innan eða utan ríkiskirkjufyrirkomulags sem þjónustar almennung á grundvelli trúarlegrar menningarhefðar sinnar, til þjóðerniskirkju þar sem þjóðin verður hinn útvaldi lýður Guðs og öll frávik því varhugaverð. Það var Schleiermacher sem skilgreindi þjóðkirkju út frá þjónustuhlutverki hennar gagnvart þjóðinni á grundvelli trúarlegrar menningarhefðar sinnar og frjálsslyndi gagnvart mismunandi trúarviðhorfum meðlimanna en hugmyndin um þjóðkirkju sem Guðs ríki og Guðs þjóð er fremur í anda þeirrar þjóðernishyggiu sem einkenndi svo mjög sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á fyrri hluta 20. aldar.⁴⁰

Lágkirkjustefnan

Lágkirkjustefnan byggist á virkri þátttöku leikmanna í kirkjunni og söfnuðunum og þar er yfirleitt gerð skýr krafa um persónulega trú og trúarvitnisburði. Umburðarlyndi gagnvart öðrum kristnum straumum og stefnum eða jafnvel trúarbrögðum getur verið fyrir hendi ef ritningartextarnir eru túlkaðir vítt en ella er umburðarlyndið lítið sem ekkert í trúfræðilegum og siðferðilegum efnum.⁴¹ Segja má að þar sé kirkjulegum embættum og hefðum ekki gert

³⁹ Karl Sigurbjörnsson, *Í birtu náðarinnar: Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar*, Reykjavík: Skálholtsútgáfa, 2001.

⁴⁰ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð: Sjálfmynd og staðleysur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 373–385.

⁴¹ Bjarni Randver Sigurvinsson skrifar um þetta í *Bjarna*, helsta tímariti lágkirkjusinna: „Mismunandi afstöðu kristinna manna til fólks af öðrum trúarbrögðum má skilgreina sem þrönga (exclusive), opna (inclusive) eða fjölhyggjulega (pluralistic) og helgast hún að nokkru leyti af því hvernig einstaka ritningartextar eru túlkaðir. Sú afstaða hefur verið skilgreind sem þröng sem gengur út frá því að enginn geti orðið hólpinn nema með því að taka sjálfur á móti Jesú Kristi sem frelsara sínum og trú á hann og er þar m.a. vísað í orð Jesú Krists: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins nema fyrir mig.“ (Jóh 14:6.) Opin túlkun á sama ritningartexta gengur út frá því að það sé bara Guð sem eigi frumkvæðið að frelsun mannsins og mæti hann honum ávallt í persónu Jesú Krists óháð aðstæðum hans, þroska, greind eða trúarbrögðum. Það þýðir að Guð einn getur dæmt um hver verður hólpinn og geta kristnir menn aðeins lagt mat á hvort eða að hvaða marki tiltekna kenningar séu kristnar. Og fjölhyggjulegar túlkningar á sama ritningartexta geta t.d. afmarkað hann við félagslegt og sögulegt samhengi hans þannig að hann vísi fyrst og fremst og jafnvel eingöngu til upprunalegra áheyrenda hans. Þá er ýmist sagt að textinn útiloki ekki að allir geti orðið hólpnir að lokum eða að hvers kyns vangaveltur um eilíf örlög manna séu tilgangslaus og hreinlega óviðeigandi. Þeir sem

hátt undir höfði heldur er áhersla lögð á að kristið fólk sýni trú sína í verki og verji hana gegn andkristnum öflum sem ógni grunnkenningum kristinnar, kristilegu siðgæði og möguleikum kirkjunnar til að láta til sín taka í samfélaginu. Leikmannahreyfingar þær sem komu fram á Norðurlöndunum á þriðja og fjórða áratug 19. aldar litu á trúarjátningar sem kjölfestu í kristnu trúarlífi og ímynd kirkjunnar og vildu sem minnst hafa með trúartexta að gera sem ekki héldu fram kristindómi rétttrúnaðarins á forsendum játninganna. Bakgrunnur þessara leikmannavakningarhreyfinga er ekki síst heittrúarhreyfingar meðal mótmælenda sem á 18. öld voru kenndar við píetisma og náðu fjöldafylgi undir merkjum m.a. morovíu-bræðra og meþódista. Sumar þessara leikmannahreyfinga innan ríkiskirkna þróuðust yfir í fríkirkyjur sem komu fram með gagnrýni á málamiðlun kirkjulegra yfirvalda við veraldleg öfl og sjónarmið. Slíkar hreyfingar náðu samt lengst af aldrei til Íslands á 19. öld og má það teljast eitt helsta einkenni á trúar- og kirkjulífi Íslendinga miðað við nágrannaþjóðirnar hvort heldur sem eru Norðurlöndin eða Bretlandseyjar.⁴²

Hvorki mormónar, sem komu til landsins árið 1851, né rómversk-kaþólska kirkjan, sem hóf starfsemi sína á ný í landinu árið 1857, teljast til slíkra leikmannahreyfinga og voru frekar tortryggð sem sértrúarhópar á þeim tíma.⁴³ Þótt Hjálpræðisherinn, sem barst til landsins árið 1895, ætti rætur að rekja til lágkirkjulegra vakningarhreyfinga á Englandi byggðist skipulag hans og starfsemi á skilgreindri embættisskipan breska hersins.⁴⁴ Danska heimatrúboðið (Dansk indre mission) var lúthersk leikmannahreyfing sem byggði trúvörn sína á játningum kirkjunnar og fékk smám saman sterk áhrif innan dönsku þjóðkirkjunnar. KFUM (Kristilegt félag ungra manna) og KFUK (Kristilegt félag ungra kvenna) voru ungliðahreyfing danska heimatrúboðsins og hluti alþjóðlegrar leikmannahreyfingar sem runnin var frá Englandi. Á tíunda áratug 19. aldar starfaði íslenski stúdentinn Friðrik Friðriksson (1868–1961) mikið í KFUM í Kaupmannahöfn og bærust brátt tíðindi heim af því hversu dáður hann væri þar af drengjunum og þætti mikill leiðtogi. Árið 1897 kom hann aftur til Íslands að áeggjan Þórhalls Bjarnarsonar sem vildi byggja upp kristilegt barna- og unglíngastarf innan þjóðkirkjunnar og hóf nám í guðfræði við Prestaskólann í Reykjavík. Fyrir tilstuðlan hans má segja að orðið hafi kristileg vakning meðal íslenskra barna og unglínga um aldamótin 1900. Friðrik fékk styrk frá dönsku samtökunum til að byggja upp starfið í Reykjavík og átti hann hauka í horni í góðtemplarareglunni og í kristniboðsfélögunum.⁴⁵

Eins og sjá má af sáttmála KFUM einkennist játningargrundvöllur félagsins af lágkirkjulegum vakningarkristindómi leikmannahreyfinga:

Kristin félög ungra manna leitast við að safna saman ungum mönnum, sem viðurkenna Jesúm Krist Guð sinn og Frelsara samkvæmt heilagri ritningu og vilja vera lærisveinar hans í trú og líferni og starfa í sameiningu að útbreiðslu ríkis hans meðal ungra manna.⁴⁶

Félögin KFUM og KFUK urðu brátt helsta vígi þeirra sem vildu að þjóðkirkjan héldi tryggð við trúarjátningar sínar og reyndu að stuðla að almennri trúarvakningu meðal landsmanna. Gagnrýni félagsmanna beindist ekki síst gegn frjálslyndum nýguðfræðisinnuðum prestum,

aðhyllast þröng eða opin viðhorf gagnvart fólki eða hópum af öðrum trúarbrögðum telja kærleiksrika og tillitsama boðun fagnaðareindisins grunnforsenduna í þvertrúarlegum samræðum þar sem um leið er hlustað á önnur trúarsjónarmið og leitast við að skilja þá sem þau hafa en þeir sem aðhyllast fjölhyggjuleg viðhorf telja trúboð jafnan aukaatriði, óþarft eða jafnvel skaðlegt.“ (Bjarni Randver Sigurvinsson, „Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi og samskipti þjóðkirkjunnar við önnur trúarbrögð“, *Bjarni* júlí 2008, bls. 26–31.)

⁴² Pétur Pétursson, *Church and Social Change*.

⁴³ Sama rit.

⁴⁴ Pétur Pétursson, *Með himneskum armi: Hundrað ára saga Hjálpræðishersins á Íslandi*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1995.

⁴⁵ Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: 2. K.F.U.M. og skyld félög“, *Saga* 19/1981, bls. 177–274.

⁴⁶ Sama heimild.

spíritisma, dulspeki, austrænum trúarbrögðum eða sértrúarhreyfingum sem afneituðu guðdómi Jesú Krists og hjálpræðisvægi friðþægingarinnar.⁴⁷

Árið 1948 stofnuðu 30 prestar og guðfræðingar með sér *Félag játningatrúrra presta*. Var það vettvangur þeirra presta þjóðkirkjunnar sem ekki voru sáttir við frjálslýndu guðfræðina og ríkjandi stöðu hennar innan þjóðkirkjunnar. Flestir þessara presta tengdust KFUM og kristniboðsfélögunum og má því segja að þetta félag hafi verið í anda lágkirkjunnar.

Grundvallarreglur félagsins voru eftirfarandi:

Samtökin byggja á kenningagrundvelli Lútherska heimssambandsins. En það viðurkennir Heilaga Ritningu, Gamla og Nýjatestamentið, einu heimild og óskeikulan mælikvarða allrar kenningar kirkjunnar og starfs og álitur játningarit lútherskrar kirkju, sérstaklega hina óbreyttu Ágsborgarjåtningu og fræði Lúthers, hreina útleggingu Guðs orðs.

Tilgangur samtakanna er:

- a) Að sameina þá presta og guðfræðinga, er byggja vilja á ofangreindum grundvelli, um það að bera samhljóða vitni um fagnaðarerindið um Jesúm Krist sem kraft Guðs til hjálpræðis.
- b) Að efla einingu um trú og játningu meðal guðfræðinga og presta kirkju vorrar.
- c) Að efla iðkun evangelísk-lútherskra fræða.
- d) Að styrkja og efla evangelísk-lútherska leikmannastarfsemi innan kirkjunnar.⁴⁸

Aðalhvatamenn að stofnun samtakana voru sr. Sigurjón Þ. Árnason, prestur í Hallgrímskirkju og stjórnarmaður í Kristniboðssambandi Íslands, og Jóhann Hannesson, kristniboði og kennari og síðar prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands. Meðal stofnenda voru sr. Friðrik Friðriksson, stofnandi og framkvæmdastjóri KFUM, sr. Bjarni Jónsson, vígslubiskup og formaður KFUM, og Sigurður Einarsson, dósent í guðfræði. Það kom fram að undirbúningsnefndin hafði boðið Sigurbirni Einarssyni prófessor að vera meðal stofnenda en hann hafði afþakkað það.⁴⁹

Gagnrýnendur lágkirkjukristindóms innan þjóðkirkjunnar beindu sjónum sérstaklega að þeirri neikvæðu afstöðu sem forystumenn hans og fylgismenn virtust margir hafa til örlaga þeirra sem ekki tóku undir vægi guðdóms Jesú Krists, friðþægingarinnar, hjálpræðisins og annarra trúfræðiatríða sem sögð voru einkenni kristinnar trúar. Því var jafnvel haldið fram að siðferðiskröfurnar gætu virkað fælandi á ýmsa sem ýmist teldu sig ekki nægilega góða eða tækju því sem sér væri útskúfað.

Hákirkjustefnan

Á fyrri hluta 20. aldar vaknar víða áhugi á að endurvekja hina fornu klassísku messu miðalda með gregorssöng, tíðagjörð og fágun helgisíða. Hún hafði að sjálfsögðu verið iðkuð í rómversk-kaþólsku kirkjunni en nú tóku fræðimenn og kirkjuleiðtogar úr röðum mótmælenda að huga að endurnýjun á gömlum merg og gilti það sömuleiðis um íslensku þjóðkirkjuna. Á Íslandi voru það þeir Sigurður Pálsson (1901–1987), síðar vígslubiskup, og Sigurbjörn Einarsson biskup sem fyrstir beittu sér fyrir endurnýjun á þessum forsendum en þeir höfðu kynnst þessari litúrgísku hreyfingu á Norðurlöndunum þar sem hún var einkum bundin við tíðasöng sem verið hafði við lýði í dómskólum og klaustrum á miðöldum. Meðal þeirra sem leiddu þessa hreyfingu á Íslandi var séra Arngrímur Jónsson (1923–2014) í Odda en hann

⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁸ Fundargerðabók Samtaka játningatrúrra presta. Í fornum höfundar.

⁴⁹ Sama heimild.

kynntist henni og þeirri fræðimennsku sem þar lá að baki á Englandi þar sem hann hafði stundað framhaldsnám.⁵⁰

Það er einkennandi fyrir þessa hreyfingu á Íslandi að hún nær fyrst fótfestu í leikmanna-hreyfingunni meðal félagsmanna KFUM og KFUK og kristniboðsfélaganna. Víða erlendis hafa lágkirkju- og hákirkjustefnur verið andstæðar en það sem sameinaði þær hér var andstaða þeirra við frjálslynda guðfræði. Tengiliðurinn þar á milli var sr. Sigurður Pálsson en hann var náinn vinur sr. Friðriks Friðrikssonar sem um aldamótin 1900 var mjög hallur undir rómversk-kaþólska trú, umgekkst rómversk-kaþólsku prestana í Landakoti, kenndi við skólann þar og íhugaði það um tíma að gerast sjálfur kaþólskur. Þetta var eins og eitur í beinum leiðtoga Heimatrúboðsins í Danmörku sem studdu KFUM og KFUK á Íslandi með fjárframlögum og var Friðriki stefnt til Danmerkur til yfirheyrslu. Hann náði samt að viðhalda fullu trausti leiðtoga Heimatrúboðsins en gaf loforð fyrir því að hætta algerlega að umgangast prestana í Landakoti og skera á öll tengsl við kirkjuna þar.⁵¹ Þegar sr. Sigurður Pálsson fer síðar að kynna sér heimildir um þróun messunnar og vill skoða messubækur rómversk-kaþólsku kirkjunnar stingur hann upp á því við sr. Friðrik að þeir fari upp í Landakot til að ræða við prestana þar. Það kom hins vegar ekki til mála af hálfu Friðriks, enda loforð að mati hans enn loforð þótt rúmir þrjú áratugir væru liðnir frá því að það var gefið.⁵²

Árin 1938–1942 voru haldin kristileg mót í Hraungerði í Árnessýslu þar sem sr. Sigurður Pálsson þjónaði sem sóknarprestur og fór messuhaldið eftir forskrift hinnar klassísku messu. Fólkið sem sótti mótið kom aðallega úr KFUM og KFUK og kristniboðsfélagunum. Upphafið að þessum mótum var kristilegt tjaldbúðamót við Elliðavatn þar sem sr. Sigurður Pálsson var viðstaddur en honum fannst þá að slík mót ættu helst að vera á kirkjustöðum og bauðst til að hýsa næsta mót heima hjá sér. Þessi mót eru ekki síst áhugaverð í jósi þess að þar nær hákirkjuhreyfingin að skjóta rötum í sjálfri leikmannahreyfingunni á grundvelli sameiginlegrar andúðar á frjálslyndri guðfræði. Í tilkynningu í *Kirkjuritinu* 1. júní 1940 stendur:

Hraungerðismót, hið þriðja í röðinni, var haldið dagana 15.–17. þ. m. Þátttakendur voru um 300, flestir frá Reykjavík, Akranesi og Vestmannaeyjum. Erindi flutti séra Sigurjón Arnason, Ólafur Ólafsson kristniboði og séra Bjarni Jónsson vígslubiskup. Síðasta dag mótsins voru 280 til altaris. Undirbúning undir mótið önnuðust af miklum dugnaði og ósérplægni menn úr K.F.U.M. og kristniboðsfélagunum í Reykjavík og útgefendur Bjarma.⁵³

Bjarmi var kristilegt blað sem leiðtogar úr KFUM og kristniboðsfélagunum gáfu út og kemur enn út en allt frá upphafi þess árið 1906 hefur það verið helsta mál gagn lágkirkjulegs vakningarkristindóms í landinu.⁵⁴

Í einni af messuskránum sem varðveist hafa frá Hraungerðismótunum segir svo:

⁵⁰ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“; Gunnlaugur A. Jónsson, „Sigurður Pálsson“, *Andvari* 1/1998, bls. 11–51.

⁵¹ Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar“.

⁵² Sigurður Pálsson í samtali við greinarhöfund árið 1983.

⁵³ „Innlendar fréttir“, *Kirkjuritið* 1. júní 1940, bls. 240.

⁵⁴ Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar“.

Messan fékk form sitt á fyrstu öldum kirkjunnar. Það er fléttað saman úr Guðs orði og andvörpum þeim, sem Heilagur Andi lagði frumkristninni á varir í þrengingum og sigrum. [...] Hér á landi glótuðust margir gimsteinar hinnar fornu messu á skynsemistrúar tímabilinu um 1800, þegar hinni fornu messu, sem siðaskiptafrömuðirnar höfðu varðveitt, var breytt í það form, sem messa vor hefur haft til þessa. Það er heilög skylda vor að varðveita hina fornu messu. Í fyrsta lagi af sjálfsagðri réktarsemi við feður vora í trúnni, sem skilað hafa oss hinum helga arfi, Guðs orðs og heilögum siðum. Í öðru lagi vegna þess, að á þann hátt varðveitum vér bezt sambandið við kristni allra alda. Í þriðja lagi vegna þess, að allar síðari tilraunir til breytinga hafa ekki reynzt fullnægja trúarlífinu eins vel.⁵⁵

Sigurður Pálsson hafði töluverð áhrif á guðfræðistudenta og kynnti þeim klassíska messu og sögu hennar og þjálfaði þá í tíðasöng. Um tíma bauð hann guðfræðistudentum heim til sín til að ræða þessi hugðarefni og syngja tíðasöng.⁵⁶ Altarissakramentið er miðpunkturinn í messunni að skilningi litúrgísku hreyfingarinnar sem leggur mikla áherslu á helgisiði og embætti.

Á seinni hluta 20. aldar voru sr. Sigurður Sigurðarson vígslubiskup, sem var sonur Sigurðar Pálssonar, sr. Arngrímur Jónsson og sr. Geir Waage í Reykholti helstu framverðir litúrgísku hreyfingarinnar á Íslandi. Þar sem þeir klæddust gjarnan embættisbúningum sínum voru þeir stundum kallaðir svartstakkar en sú nafngift var einkum notuð um þá presta eða guðfræðinga sem þóttu íhaldssamir og lítt sveigjanlegir gagnvart helgihaldi og kenningu.

Alkirkjustefnan

Alkirkjustefnan byggist á því sjónarmiði að ákveðið viðmið, ákveðin afstaða eða ákveðinn málstaður yfirskyggi starfsemi kirkjunnar og áherslur hennar, eins og t.d. ríkisvaldið, mannréttindi, jafnrétti, mannúð og hjálparstarf. Þetta þýðir að alkirkjustefnan getur ýmist verið ofur frjálsslynd eða ofur forræðiskennd allt eftir því hvers eðlis þau grunnildi eru sem hún er sögð þurfa að lúta eða þær félagsfræðilegu aðstaður sem hún býr við. Helgisiðir og embætti geta horfið í skuggann eða eru endurskilgreind í þágu þess eina sem sagt er nauðsynlegt. Þar sem alkirkjan getur vel tekið undir það sjónarmið að hlutverk hennar sé að veita öllum þjónustu hvar sem hún er til staðar má spyrja hvort ekki liggi þá beinast við að flokka hana sem eina af mögulegum birtingarmyndum þjóðkirkjustefnunnar. Því er til að svara að þjóðkirkjustefnan snýst umfram allt um þjónustuhlutverk kirkjunnar við alla sem til hennar leita á grundvelli trúarlegrar menningarhefðar sinnar en í alkirkjustefnunni er hins vegar lögð áhersla á þau grunnildi sem öllum eru sögð sameiginleg, hvernig svo sem þau eru annars skilgreind. Dæmi um frjálsslyndar kirkjustefnur sem geta legið alkirkjustefnunni til grundvallar eru frelsunarguðfræðin frá Suður-Ameríku, feminísk guðfræði⁵⁷ og guðfræði svartra.

Hina eiginlegu ríkiskirkju má setja undir flokk alkirkjustefnu þegar réttlætning ríkisvaldsins er látin yfirskyggja alla starfsemi kirkjunnar. Slík kirkja var við lýði í danska ríkinu til 1848 og gat m.a. tekið á sig þá gerræðislegu mynd sem átti sér stað í biskupstíð Mynsters að börn baptista voru skírð með lögregluvaldi í óþökk foreldranna. Þetta helgast af því að þeir sem skera sig úr og taka ekki þátt í helgiathöfnum, sem sagðar eru ramminn utan um ríkisvaldið og táknrænn hornsteinn síðferðisgrundvallar samfélagsins, eru skilgreindir sem ógn en fyrir

⁵⁵ Gunnlaugur A. Jónsson: „Sigurður Pálsson“, hér sérstaklega 34–35.

⁵⁶ Sama heimild.

⁵⁷ „**Markmið Kvinnakirkjunnar** er að vera vettvangur kvenna sem vilja hittast til að fá styrk og gleði kristinnar trúar og nota í daglegu lífi. Við komum með nærveru okkar og hugmyndir, gleði og vanlíðan, við gefum það hinum, og tökum á móti því sem þær gefa. Nærvera hinna er öllum konum Kvinnakirkjunnar mikilvæg, og við biðjum allar hver fyrir annarri.“ *kvinnakirkjan.is*, 2016, sótt 20. júní 2017 af <http://www.kvinnakirkjan.is/kvinnakirkjan/kvinnakirkjan-2/>.

vikið beitir ríkisvaldið öllum ráðum til að uppræta allt slíkt eða þvinga það aftur inn í hið formlega helgihald.

Rætur þessarar alkirkjulegu ríkiskirkju er ekki síst að finna í ríkisskipan einvaldra konunga í vesturhluta Evrópu og einnig *caesaropapisma* rétttrúnaðarkirknanna í austri en svo nefnist sú stjórnmalakenning að ríkishöfðinginn, nánar til tekið keisarinn, skuli vera æðsta vald bæði ríkis og kirkju. Kirkjan treystir hinum einvalda konungi fyrir landi og þjóð en fyrir vikið ber hann ábyrgð á að verja kirkjuna, siðinn sem hún stendur fyrir og rétta trú meðal þegnanna. Þetta þýðir að leitað er eftir jafnvægi milli konungsvalds og biskupsvalds enda eru sameiginlegir hagsmunir þeirra beggja í húfi. Þetta birtist t.d. skýrt í konungalögnum sem sett voru hér á landi 1665 en þar er hinn danski konungur einvaldur.

Þegar komið er fram yfir miðja 19. öld fara aðrar hugmyndir að vera ríkjandi, svo sem mannúð, mannréttindi, einstaklingsfrelsi og framrás þekkingar. Ágæti skilyrðislaus samþykkis gamalla trúfræðikenninga í m.a. trúarjátningum var í vaxandi mæli dregið í efa og vegið var að grundvallarforsendum trúarlegra embætta og stofnana. Fram komu trúarhreyfingar og skipulagðir trúarhópar á borð við únítara og kvekara sem settu þess í stað samviskufrelsið á oddinn en kirkjur þeirra urðu öflugastar þar sem uppgjör átti sér stað við þá kenningu kalvínismans að Guð hefði strax fyrir sköpun mannsins útvalið hverja einustu manneskju ýmist til eilífs lífs eða eilífrar glötunar án þess að nokkur þeirra hefði neitt um það að segja.⁵⁸ Segja má að hin únítaríska áhersla þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar sé í þessum gagnrýna anda enda var hann á móti játningabundinni trú og hafnaði nokkrum erfikenningum kirkjunnar. Hann gerði tilraunir til að efla frjálst samkomuhald í kristilegum anda sem byggt væri á því umburðarlyndi og frjálshlyndi sem ríkti á Englandi um miðja 19. öld, en viðbrögð fulltrúa íslensku þjóðkirkjunnar gerðu það að verkum að tilraun hans, sem kennd er við Sjómannaflúbbinn, fór út um þúfur. Einnig varð hann að biðjast afsökunar á því að hafa farið miður virðulegum orðum um kenninguna um eilífa útskúfun vantrúaðra sem lesa mátti um í *Helgakverri* sem prestar þjóðkirkjunnar notuðu í fermingarfræðslu sinni. Frjálshlynda guðfræðin setti kröfur vísinda og sannleiksleit ofar trúarsetningum og játningum og var gagnrýnin á helgihald í hefðbundnum stíl.⁵⁹

Þar sem áherslan er á samstarf ólíkra kirkjudeilda og jafnvel trúarbragða er tilhneigingin sú að starfsemin mótist af alkirkjulegri stefnu. Heimsráð kirkna (World Council of Churches), sem íslenska þjóðkirkjan er stofnaðili að, er stundum kallað alkirkjuráðið og það rúmar innan vébanda sinna ólíkar kristnar kirkjudeildir sem greinir á um margt í helgihaldi, kenningu og starfsaðferðum. Starfsemi þess hefur því útvatnast í augum ýmissa þar sem reynt er að fara meðalveg sem sem flestir geti sætt sig við, m.ö.o. umburðarlyndið verður regla. Starfsemin einkennist af hjálparstarfi og mannúð frekar en að reynt sé að vinna sálir fyrir Jesúm Krist.⁶⁰ Við hlið Heimsráðs kirkna hefur því orðið til önnur alþjóðahreyfing á kristnum forsendum, sem kennd er við Lausanne í Sviss og á fremur heima undir lágkirkjustefnunni en alkirkjustefnunni, en hún stundar hefðbundið kristniboð, stofnsetur söfnuði, heldur tölu yfir sálir sem hafa frelsast og notar það sem mælikvarða á árangur.

⁵⁸ J. Gordon Melton, *Melton's Encyclopedia of American Religions*, Detroit; Gale, 2009, bls. 237–267, 611–633.

⁵⁹ Pétur Pétursson, *Church and Social Change*.

⁶⁰ Samtökin skilgreina sig þannig: „The World Council of Churches is a fellowship of churches which confess the Lord Jesus Christ as God and Saviour according to the scriptures, and therefore seek to fulfil together their common calling to the glory of the one God, Father, Son and Holy Spirit. It is a community of churches on the way to visible unity in one faith and one eucharistic fellowship, expressed in worship and in common life in Christ. It seeks to advance towards this unity, as Jesus prayed for his followers, “so that the world may believe.” (John 17:21)“ „What Is the World Council of Churches?“ *World Council of Churches* 2016, sótt 20. júní 2017 af <https://www.oikoumene.org/en/about-us>.

Á síðari árum og alveg sérstaklega frá því að nýju þjóðkirkjulögin voru samþykkt á Alþingi árið 1997 hefur verið tekist hart á um inntak og réttmæti þjóðkirkju í þjóðmálaumræðunni og tilhögun tengsla ríkis og trúfélaga. Leiðandi í þeirri gagnrýni hafa verið guðleysingja-samtökin Siðmennt (stofnuð 1990) og Vantrú (stofnuð 2004), sem hvor um sig hafa kosið að kenna sig við trúleysi, en einnig ungliðahreyfingar sumra stjórn málaflókka og prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík, sem sérstaklega hefur beint spjótum sínum að fjármálatengslum þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins. Einkennandi hefur verið í gagnrýni margra þessara aðila að þeir leggja þjóðkirkjuhugtakið að jöfnu við ríkiskirkjuhugtakið, telja það fyrst og fremst þjóðernislegt og því í andstöðu við grunngildi á borð við almenn mannréttindi og gefa sér, út frá þröngum bókstafstrúartúlkunum og sértrúarhyggjusýn⁶¹ á samskipti fólks og hópa með mismunandi trúarviðhorf, að þjónustuhlutverkið sé svo skilyrt að það hljóti að vera útlökandi fyrir þorra þjóðarinnar.

Siðmennt, sem er sérlega áhugavert félag í þessu samhengi, kennir sig við siðrænan húanisma sem oftast er kynntur sem hinn eini sanni húanismi og er jafnvel varað við öðrum stefnum sem sömuleiðis kenna sig við húanisma sem fölskum, svo sem húanistahreyfinguna á Íslandi, sem á rætur að rekja til argentíska spámansins Sílos, og hvern þann húanisma sem játar trú á Guð, svo sem innan kristindóms. Ein forsenda hins siðræna húanisma er veraldarhyggja þar sem öllu sem sagt er yfirnáttúrulegt er vikið úr opinberu rými og ríkisvald og stofnanir þess eru aðgreindar frá hvers kyns táknafræði af slíkum toga, óháð menningarsögulegu vægi hennar í viðkomandi þjóðfélagi. Veraldarhyggjusamfélagið er sagt eiga að vera hlutlaust í yfirnáttúrulegum trúarefnum, trúlaust vegna þess að trúarhugtakið sé einskorðað við hið yfirnáttúrulega og grundvallað á skynsemi, rökhyggju, raunvísindum og hlutlausri fræðslu. Allt er þetta sagt vera andstætt trú, því að hún geti að eðli til aðeins talist órökræn, og trúboði, sem sé aðeins óígrunduð innræting. Siðmennt hefur beitt sér mjög fyrir breytingum á lögum og reglum hjá ríkinu og sveitarfélögum í þessum efnum og hefur náð þar nokkrum árangri, svo sem með reglum um samskipti skóla og trúfélaga í Reykjavík og lögum um trúfélög og lífsskoðunarfélög sem tóku gildi árið 2013.⁶²

Athygli vekur að Siðmennt leggur áherslu á að athafnir sínar eins og fermingar og hjónavígslur séu allar borgaralegar öndvert við athafnir þjóðkirkjunnar og annarra skráðra trúfélaga sem séu alfarið trúarlegar. Benda má á að ef hugtakið „borgaralegt“ er bundið við athafnir sem tengjast ríkisvaldinu eða eru framkvæmdar af hálfu þess gátu athafnir Siðmenntar tæpast talist raunverulega borgaralegar fyrr en félagið hlaut skráningu sem lífsskoðunarfélag með tengsl við ríkið hliðstætt skráðum trúfélögum í kjölfar lagabreytingarinnar sem heimilaði slíkt árið 2013. Þá fyrst fékk Siðmennt öll þau réttindi og allar þær skyldur sem slíkri skráningu fylgir og gat nú tekið að bjóða upp á athafnir sem raunverulega gátu talist borgaralegar af hálfu ríkisins og jafngildar því sem það sjálft býður upp á. Færa má rök fyrir því að allar athafnir trúfélaga á borð við þjóðkirkjuna sem myndað hafa tengsl

⁶¹ Hér er sértrúarhugtakið notað í hlutlægri trúarlífsfélagsfræðilegri merkingu þess orðs og snýr alfarið að afdráttarlausri aðgreiningu rétttrúaðra eða sanntrúaðra frá fjöldanum. Það sem átt er við hér fyrir ofan er að viðkomandi hafi þá sýn að trúarafstaða og trúarhópar einkennist sjálfkrafa af aðgreiningu, átökum og spennu. Sjá nánar: Meredith B. McGuire, *Religion: The Social Context*, Long Grove, Waveland Press, 2008, bls. 149–194.

⁶² Bjarni Randver Sigurvinsson og Pétur Pétursson, „Um trúfélög og lífsskoðunarfélög“, *Morgunblaðið* 24. nóvember 2011, bls. 20; Bjarni Randver Sigurvinsson og Pétur Pétursson, „Þjóðkirkjuákvæðið í stjórnarskrá“, *Morgunblaðið* 27. október 2012, bls. 37; Bjarni Randver Sigurvinsson og Pétur Pétursson, „Gildi þjóðkirkjuákvæðis í stjórnarskrá“, *Morgunblaðið* 10. nóvember 2012, bls. 39; Bjarni Randver Sigurvinsson og Pétur Pétursson, „Um frumvarp til laga um trúfélög og lífsskoðunarfélög“, *Fréttablaðið* 12. nóvember 2012, bls. 15; Bjarni Randver Sigurvinsson og Pétur Pétursson, „Stjórnlagaráð og nútímalegur trúmálaréttur“, *Morgunblaðið* 16. nóvember 2011, bls. 28. – Þessi greining á Siðmennt er byggð á samræðum mínum við Bjarna Randver Sigurvinsson og handriti sem hann hefur unnið að um þetta efni.

við ríkisvaldið með þeim hætti séu í senn borgaralegar og trúarlegar að því marki sem trú kemur þar við sögu. Það að Siðmennt skuli leggja þessa áherslu á að sérstaða félagsins gagnvart trúfélögum sé að athafnir þess séu borgaralegar og að veruleikasýn þess í formi veraldarhyggju siðræns húmanisma eigi að vera lagalegur gildagrundvöllur samfélagsins og að allri trú að skilningi þess skuli úthýst úr opinberu rými bendir til að þar sé um alkirkjulega stefnu að ræða sem varpað hefur verið úr viðjum kirkjuhugtaksins. Sé sú tilgáta rétt væri hægt að skýra þau átök sem átt hafa sér stað um Þjóðkirkjuna á opinberum vettvangi á undanförunum árum sem baráttu um hvaða algildi siður eigi að vera grundvöllur ríkisins og allra landsmanna. Til þess að árétta mikilvægi þess að leggja Þjóðkirkjuna niður, og alla þá táknafræði og þau trúarlegu gildi sem henni tengjast allt frá því að land fyrst byggðist, jafnt af kristnum mönnum sem heiðnum, er óhjákvæmilegt að draga sem mest úr vægi Þjónustuhlutverks hennar sem nái til allra og einskorða það við hina fáu rétttrúuðu og útvöldu. Spyrja má hvort forysta Þjóðkirkjunnar hafi áttað sig á þessu í allri þeirri rökræðu sem átt hefur sér stað um kirkjuleg málefni við gagnrýnendur hennar. Sömuleiðis má spyrja hvort átökin ein-kennist að einhverju leyti af því að ýmsir kirkjumenn hafi sjálfir alkirkjulega sýn á kirkju-stofnunina og hagi málflutningi sínum í samræmi við það.

Ályktanir

Það er athyglisvert að skoða hvernig kirkjuleiðtogar, safnaðarfólk og prestar skilgreina sjálfa sig með tilliti til þeirra atriða sem hér hafa verið talin upp. Það er ekki síður áhugavert að skoða hvernig kirkju- og embættisskilningur einstakra manna þróast með aldri og reynslu og hvað það er sem veldur því að ein stefnan öðrum fremur er ríkjandi á ákveðnum tíma.

Sérlega athyglisvert er að skoða guðfræði og kirkjuskilning Sigurbjörns Einarssonar biskups út frá stefnunum sem kenndar eru við Þjóðkirkju, lágkirkju og hákirkju og nefndar hafa verið hér en segja má að hann sé ofinn saman úr þeim öllum. Finna má mörg dæmi um presta á seinni hluta 20. aldar sem aldir hafa verið upp í lágkirkjustefnunni og starfað hafa í upphafi í anda hennar en síðan tekið stefnubreytingu í anda ýmist Þjóðkirkjustefnunnar, hákirkjustefnunnar eða alkirkjustefnunnar. Í því sambandi má t.d. nefna sr. Gunnar Kristjánsson, sem ólst upp í KFUM en hallaðist fljótlega sem prestur helst að alkirkjustefnunni eins og sjá má af áherslum hans á friðar- og menningarmál. Einnig mætti nefna sr. Sigurð Árna Þórðarson.⁶³ Báðir þessir prestar hafa kynnt kirkjuskilning sinn opinberlega í tengslum við biskupskosningar.

Þórhallur Bjarnarson, forstöðumaður Prestaskólans í Reykjavík, gjörþekkti íslensku Þjóðkirkjuna þegar hann tók við biskupsembætti árið 1909. Kirkjustefna hans fékk einkunnar-orðin Þjóðleg, frjálsslynd og umburðarlynd. Þessi einkenni munu vera upprunnin hjá gagnrýnendum hans meðal presta en þau reyndust orð að sönnu því að undir handarjaðri hans var lagður grunnur að Þjóðkirkju sem enn heldur velli við upphaf 21. aldar þrátt fyrir að innan hennar hafi verið djúpstæð átök um guðfræði og áherslur í starfi og jafnvel í það miklum mæli að oftar en einu sinni hefur verið talið að hún væri klofin. Í þessari grein hefur verið sýnt fram að þessi átök sem hér um ræðir hafi fundið sér fjóra farvegi. Forysta kirkjunnar á hverjum tíma hafi dregið upp þá mynd af henni að hún sé að eðli til umfram allt Þjóðkirkja enda þótt innan hennar hafi á sama tíma verið til staðar annar kirkjuskilningur sem birtist í lágkirkju, hákirkju og alkirkju. Það sem helst liggur að baki opinberri rökræðu

⁶³ Heimildir um þessar stefnubreytingar má finna í kynningarbæklingum þessara presta í sambandi við biskupskosningar.

um þessar mundir um þjóðkirkjuna er merking sjálfs þjóðkirkjuhugtaksins. Snýst það fyrst og fremst um þjónustu við þjóðina á frjálslyndum grundvelli þeirrar trúarlegu menningarhefðar sem samofin hefur verið henni allt frá því þegar kristnir menn námu hér fyrst land ásamt heiðnum? Ber þjóðkirkju alfarið að tileinka sér boðun og starfshætti lágkirkjulegs vakningarkristindóms? Ber þjóðkirkju að vera hákirkja með áherslu á vægi helgisiða og embætta? Eða ber þjóðkirkju að vera ríkiskirkja í formi alkirkju? Stóra spurningin þar er þá hver grunngildin eigi að vera, grunngildi sem nái til allra, og jafnvel þyrfti einnig að spyrja hvort taka þurfi burt sjálfa kirkjustofnunina og allt það sem tilheyrir henni úr hinu opinbera rými og setja í staðinn einhverja aðra hreyfingu eða stefnu sem sömuleiðis hafi grunngildi sem nái til allra. Aðgreining þjóðkirkjustefnu frá alkirkjustefnu getur skerpt á þessu.